

Sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs 13.12.2016

Mættir voru, Ragna, Thelma, Ingibjörg Magnúsdóttir, Birna, Guðmundur Skarphéðinsson, Jón Baldvin og fulltrúar úr nemendaráði.

1. Skólaráð og nemendaráð.

Jón kynnir starfsemi skólaráðs og nemendaráðs og hlutverk hvors um sig.

2. Ályktun um öryggismál.

JB segir frá ýmsu tengt öryggismálum við skólann s.s vegna aksturs og aðkomu að skólanum þar sem ýmsu er ábótavant. Mikil umferð er hér um tíma að morgni og síðdegis. Þrjár stofnanir; Kiðagil, Giljaskóli, og Íþróttamistöð Giljaskóla eru hér með sameiginlegt bílastæði, aðkomu og útakstur. Stundum myndast öngþveiti og slyshætta á morgnana og í lok skóladags þegar flestir eru að koma og fara. Engar fastar reglur eru um inn-eða útakstur. FAK eða fasteignir Akureyrar með lögsögu yfir lóðinni.

Umræður bæði frá nemendum og öðrum í tengslum við öryggi.

J.B kynnir tillögu að ályktum varðandi öryggismál og urðu umræður um hana.

Guðmundi Sk. bætt inn sem öryggisfylltrúa.

Ályktunin samþykkt. Sent á skipulagsstjóra, fasteignir, fræðslustjóra og skólanefnd Ak.þæjar

3. Öryggismál.

Guðmundur Sk. segir frá að það sé alvarlegt mál ef verið sé að fikta í slökkvitækjum í skólanum. Langan tíma tekur að lagfæra þau og er það mjög kostnaðarsamt.

Guðmundur sagði einnig frá eftirlitsmyndavélunum sem eru inni í skólanum og spyr hvort allir séu ekki meðvitaðir um þær. Hafa komið sér vel t.d. við að upplýsa ýmis mál. eru góð öryggistæki fyrir nemendur. Umræður urðu meðal nemenda um þær.

4. Leiktæki og lóð

Rætt um leiktæki á skólalóðinni og þar er ýmislegt sem orðið er gamalt og komið er á endurnýjun. Kastalinn sunnan við skólann fyllir ekki lengur öryggiskröfur, og mól sem skipta þarf út fyrir gúmimottur. Mikil þörf er á fleiri leiktækjum fyrir nemendur í Frístund, s.s. rólur vegasölt o.fl. sem nota svæðið sunnan við skólann en þar er best yfirsýn yfir yngri nemendur. Pollar myndast á steiptum velli sunnan við skólann sem þyrfti að laga m.a. með því að brjóta upp völlinn og laga. Verður hættulegt ef frystir. Mikið um að mól flækist inná völlinn veldur hættu. Þyrfti að skipuleggja svæðið og jafnvel skólalóðina uppá nýtt nú þegar öllum byggingarframkvæmdum er lokið.

Lýsingu á skólalóð og skólann er ábótavant.

Útbúa þyrfti snjósvæði þar sem hægt væri að nota bretti.

Umræður urðu um þennan lið og voru nemendur dugleg að taka til máls.

Fleira ekki og fundi slitið um kl. 16.00

Þorgerður